

# HÁTEIGSKIRKJUTÍÐINDI



## Dagskrá jóla og áramóta 2011-2012 í Háteigskirkju

### **Aðfangadagur – 24. des.**

*Aftansöngur kl. 18*

Prestur: sr. Helga Soffía Konráðsdóttir

Organisti: Kári Allansson

Hljómkórinn syngur

*Miðnæturmessa kl. 23:30*

**Missa de angelis**

Prestur: sr. Tómas Sveinsson

Organisti: Kári Allansson

Kammerkór Háteigskirkju syngur

### **Jóladagur - 25. des.**

*Hátíðarmessa kl. 14*

Prestur: sr. Tómas Sveinsson

Organisti: Kári Allansson

Kammerkór Háteigskirkju syngur

### **Annar í jólum - 26. des.**

*Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14*

**Biskup Íslands, Herra Karl**

**Sigurbjörnsson**

**flytur hugvekju**

Prestur: sr. Helga Soffía Konráðsdóttir

Organisti: Kári Allansson

Einar Clausen syngur einsöng

### **Gamlársdagur - 31. des.**

*Aftansöngur kl. 18*

Prestur: sr. Tómas Sveinsson

Organisti: Kári Allansson

Kammerkór Háteigskirkju syngur

### **Nýársdagur 1. jan. 2012**

*Hátíðarmessa kl. 14*

Prestur: sr. Helga Soffía Konráðsdóttir

Organisti: Kári Allansson

Hljómkórinn syngur

## Vilt þú vera vinur Háteigskirkju?

Það er mjög fjölbreytt starf sem fer fram innan veggja Háteigskirkju. Mig langar til að bjóða þér að taka þátt í starfi kirkjunnar og gerast vinur Háteigskirkju. Í því felst að taka þátt í ýmiskonar verkefnum. Aðstoð við messuhald, elda súpu eftir messu á sunnudögum, þátttaka og aðstoð við almennt safnaðarstarf, ýmis viðhaldsverkefni stór og smá, annast lóðina umhverfis kirkjuna ásamt fjölmörgum fleiri verkefnum - allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Sennilega er listinn ótæmandi. Verkefnin eru einnig ekki aðeins verklegs eðlis heldur skiptir máli að við sameinumst um að biðja til Guðs fyrir kirkjunni okkar og hugsum hlýtt til hennar. Þar geta allir lagt hönd á plóg. Það er gott og gefandi að taka þátt í starfi kirkjunnar. Endilega sendu okkur tölpóst á netfangið [hateigskirkja@hateigskirkja.is](mailto:hateigskirkja@hateigskirkja.is) eða hringdu í síma 511 5400.

Ég hvet þig til að vera með okkur og hlakka til að heyra frá þér. Það geta allir verið með!  
Sigríður Guðmundsdóttir,  
formaður sóknarnefndar.



---

## Jólahugvekja – Segðu mér sögu

Ég þekkti stúlku sem taldi það sínar sælustu stundir þegar hún fékk pabba sinn til að segja sér sögur af honum sjálfum þegar hann var lítill. Þá lagðist hún við hliðina á honum í sófann og sagði annað hvort „Pabbi, segðu mér söguna af því þegar þú varst lítill strákur á Eyrarbakka og skarst þig á glerbrotinu.“ Eða „Pabbi, segðu mér söguna af því þegar þú týndist í Borgarnesi.“ Alltaf sömu

## 12 spora námskeið – Andlegt ferðalag

Við hefjum nýtt ár í Háteigskirkju með 12 spora námskeiði sem ber nafnið Andlegt ferðalag með vinum í bata. Námskeiðið hefst á kynningarfundum í safnaðarheimili kirkjunnar miðvikudaginn 11. janúar 2012 kl 19.30. Samverurnar verða svo vikulega á miðvikudögum milli kl. 19.30 - 21.30. Allir eru hjartanlega velkomnir og það er ekkert þátttökugjald.

Nánari upplýsingar um starfið, svör við spurningum og reynslusögur má finna á vefnum [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is) eða [www.viniribata.is](http://www.viniribata.is) Ef þú vilt ræða við okkur um námskeiðið þá geturu sent okkur tölvupóst á [hateigskirkja@hateigskirkja.is](mailto:hateigskirkja@hateigskirkja.is) eða hringt í síma 511 5400.

## Nýr organisti og kórstjóri

Til kirkjunnar hefur verið ráðinn nýr organisti og kórstjóri Kári Allansson. Kári útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2010 með BA gráðu í kirkjutónlist. Síðan þá hefur hann stundað framhaldsnám í orgelleik bæði á Íslandi og Svíþjóð. Að auki hefur hann einnig stundað meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Kári er mættur til leiks og mun annast orgelleik um jól og áramót í kirkjunni.

Í janúar verður gengið frá fyrirkomulagi kórstarfsins og í kjölfarið auglýst hvenær inntökupróf fara fram. Fylgist vel með á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is). Áhugasamir geta einnig fengið nánari upplýsingar hjá Kára á netfanginu [kari@hateigskirkja.is](mailto:kari@hateigskirkja.is) eða í síma 511 5400.

sögurnar, aftur og aftur. Og aldrei fékk hún leið á þeim.

Stúlkan varð móðir og eignaðist dreng sem hjúfraði sig upp að henni og sagði „Mamma, segðu mér söguna af því þegar þú varst lítill og löggan bjargaði ykkur stelpunum af skerinu.“ Eða „Mamma, segðu mér söguna af því þegar þú uppnefndir stelpuna og leikfímikennarinn skammaði þig og þú fórst að gráta – ha! mamma, gerðu það!“

Það skemmtilegasta sem barnið veit er að vera með mömmu og pabba og gera eitthvað með

þeim. Að syngja, lesa, baka, ganga, leika leikrit með mömmu, ömmu eða frænda sínum er miklu skemmtilegra en að basla við það einn. Og þetta með sögurnar er óbrigðult, skemmtilegt, gott, uppörvandi, friðsælt, mannlegt, eilíft. Það kostar engan pening að segja sögu og það tekur ekki langan tíma, en það skilur eftir sig ómetanleg og varanleg áhrif til góðs - fyrir barnið og fyrir mömmuna, pabbann og þau öll. Sagan má alveg vera gömul, hún batnar bara með aldrinum.

Jólasagan, um Jesúbarnið í jötunni, er sögð aftur og aftur og birtir veruleika þessa heims og annars sem kemur til okkar. Á aðventunni lifnar yfir sviði sem er í senn fjarlægt og framandi en þó svo nálægt og raunverulegt. En sagan um Maríu og

Jósef og Jesúm í Nasaret og Betlehem er ekki ævintýri eða uppspuni heldur frásögn af atburði sem átti sér stað í sögunni. En sagan þessi er guðspjall, fagnaðarerindi, „evangelium“, sett í búning og umgjörð trúar og helgi. Og þannig skilst frásögnin best, þegar hið trúaða og leitandi hjarta opnar gáttir sínar fyrir hinum eilífu sannindum í samfélagi Guðs og manna. Að „Guð er sjálfur gestur hér“, að hann er bróðir allra jarðarbarna og kýs að eiga dvöl hjá þeim.

Guð gefi ykkur gleði og frið á heilögum jólum og farsæld á nýju ári.

sr. Helga Soffía Konráðsdóttir,  
prestur í Háteigskirkju.

---

## Fjölbreytt og spennandi dagskrá fyrir fólk á öllum aldri

### Fyrir börn og unglina!

#### Sunnudagaskólinn

Alla sunnudaga kl. 11 er fræðsla og skemmtun í sunnudagaskólanum við hæfi unga fólksins og foreldra þeirra á meðan á messu stendur.



#### TTT – Ævintýraklúbburinn

Á þriðjudögum koma 10-12 ára krakkar í kirkjuna milli kl.17 og 18.30. Þar eiga þau skemmtilegar og ævintýralegar stundir saman enda alltaf eitthvað spennandi um að vera. Allir hjartanlega velkomnir.

#### Unglingaklúbburinn

Unglingar á aldrinum 13-16 ára hittast í Háteigskirkju á þriðjudögum milli 20 og 22. Skemmtileg og spennandi dagskrá. Það er öllum velkomið að slást í hópinn.

### Fyrir fullorðna!

#### 12 spora námskeið - NÝTT!

Fyrsta 12 spora námskeiðið „Andlegt ferðalag“ í Háteigskirkju hefst með kynningarfundum þann 11. janúar nk. Samverurnar verða svo vikulega á miðvikudögum milli kl. 19.30 – 21.30. Allir eru hjartanlega velkomnir og það er ekkert þáttökugjald.

#### Kór Háteigskirkju

Auglýstur í janúar – [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is). Upplýsingar veitir Kári Allansson, organisti - [kari@hateigskirkja.is](mailto:kari@hateigskirkja.is).

#### Eldri borgarar

Eldri borgarar hittast í Háteigskirkju tvisvar í viku. Á mánögum milli kl. 13 og 16 er spiluð félagsvist og á föstudögum milli kl. 13 og 16 er spilað bridge. Ilmandi kaffi, meðlæti og skemmtileg samvera. Allir hjartanlega velkomnir!

## Fyrir foreldra og börn!

### Kríasálmur

Kríasálmur er námskeið fyrir foreldra ungabörn á aldrinum 3-12 mánaða. Á námskeiðinu er örvuð athygli og skynbragð barnanna með söng, hreyfingu og sjónrænum hætti. Námskeiðið er vikulega í sex vikur á þriðjudögum milli 10.15 og 11.00. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 17. janúar. Leiðbeinandi er Berglind Björgúlfsdóttir, söngkona. Verð kr. 4000. Skráning í síma 5115400 eða hateigskirkja@hateigskirkja.is.

### Kópasálmur – NÝTT!

Kópasálmur eru nýtt námskeið fyrir foreldra með börn á aldrinum 3-4 ára. Sama hugmyndafræði liggur að baki þessu námskeiði og kríasálmum nema fyrir eldri börn. Námskeiðið er vikulega í sex vikur á þriðjudögum milli 15.30 og 16.15. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 17. janúar. Leiðbeinandi er Berglind Björgúlfsdóttir, söngkona. Verð kr. 4000. Skráning er í síma 5115400 eða hateigskirkja@hateigskirkja.is.



### Foreldramorgnar

Foreldrar ungra barna hittast hvern fimmtudagmorgunn milli kl. 10 og 12. Dagskráin er í umsjá sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Góðar stundir við spjall, kaffisopa, meðlæti, fræðslu og stutta helgistund þar sem allir eru hjartanlega velkomnir í hópinn.

## Fyrir alla!

### Messur

Alla sunnudaga kl. 11 er messa með altarisgöngu. Það eru allir hjartanlega velkomnir.

### Fjölskyldumessur - fjórða sunnudag í hverjum mánuði.

Einu sinni í mánuði bjóðum við upp á fjölskyldumessu í kirkjunni þar sem unga fólkið fær að vera í forgrunni. Syngum hressa og skemmtilega söngva og leyfum börnum og unglingum sem taka þátt í starfinu í kirkjunni að sýna og deila með okkur uppskeru starfsins.

### Taize messur

Öll fimmtudagskvöld kl. 20 eru fallegar helgistundir þar sem sungnir eru stuttir textar, ritningarlestur og altarisakramenti veitt. Í lok samveru er boðið upp á fyrirbæn.

### Bænastund

Fyrirbænastund er á miðvikudögum kl. 18. Hægt er að óska eftir fyrirbæn eða benda á bænarefni með því að senda tölvupóst á hateigskirkja@hateigskirkja.is eða hringja í síma 511 5400.

**Allar nánari upplýsingar um starfið í Háteigskirkju eru á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is) - Fylgstu vel með og vertu alltaf velkominn/n í kirkjuna þína!**

---

Kirkjan þín í hverfinu er Háteigskirkja. Ert þú ekki örugglega skráð/ur í Háteigssöfnuð?  
Hringdu í síma 511 5400 eða sendu póst á hateigskirkja@hateigskirkja.is og athugaðu málið.  
Háteigskirkjutíðindi er fréttabréf Háteigskirkju, prentað í fimm þúsund eintökum og þeim er dreift í hvert hús í Háteigssókn.  
Ritstjóri og ábyrðarmaður er Páll Ágúst Ólafsson - pall@hateigskirkja.is.